



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík 27. nóvember 2023  
Tilv.: IRN23010188/4.11.3

Efni: Beiðni um heimild til að leggja álag á útsvör

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Árborgar til innviðaráðuneytis, dags. 8. nóvember sl. Í bréfinu er þess farið á leit í ljósi þungrar fjárhagsstöðu að Sveitarfélagið Árborg fái heimild innviðaráðherra til að leggja 10% álag á útsvör fyrir árið 2024 á grundvelli 2. tölul. 1.mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fram kemur í bréfinu að þetta sé í samræmi við aðgerðaráætlun sveitarfélagsins og eitt af viðmiðum í aðgerðaráætluninni er nýting á heimild til beitingu álags á hámarksútsvar árin 2024 og 2025 sem áætlað er að skili 800-900 m.kr. auknum útsvarstekjum hvort ár.

Með vísan til 1. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 fór innviðaráðherra þess á leit að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fjallaði um beiðni Sveitarfélagsins Árborgar og gerði tillögu til ráðherra með hliðsjón að beiðni sveitarfélagsins.


Í bréfi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 27. nóvember sl, kemur fram að nefndin hafi átt fund með fulltrúum sveitarfélagsins og hafi jafnframt yfirfarið útkomuspá og drög að sviðsmyndum fyrir fjárhagsáætlun 2024-2027. Sú sviðsmynd sem gerir ráð fyrir óbreyttri álgningu sýnir áframhaldandi mikinn halla og að skuldaviðmið haldi áfram að hækka. Ljóst er að gera þarf ráðstafanir til að auka tekjur til að ná jafnvægi í rekstri. Gert er ráð fyrir að hækka álagningu fasteignaskatta og útsvars skili um 1 ma.kr. í auknar tekjur. Jafnframt að gangi forsendur eftir verði rekstrarniðurstaða nálægt núlli árið 2024. Áætluð tekjuaukning er því rétt að duga fyrir áætluðum útgjöldum og því um að ræða lágmarks hækkun á tekjum til að uppfylla viðmið um jákvæða rekstrarniðurstöðu.

Í ljósi gagna málsins þá telur eftirlitsnefnd rétt og nauðsynlegt að fallast verði á beiðni bæjarstjórnar um að leggja 10% álag á útsvar fyrir árið 2024 til að bæta fjárhagsstöðuna.

Með hliðsjón af erindi sveitarfélagsins og umsögn eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga er það ákvörðun ráðherra að heimila bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborg að leggja 10% álag á útsvör fyrir árið 2024.

Fyrir hönd ráðherra

  
Aðalsteinn Þorsteinsson

  
Guðstaf Aron Guðstafsson